

16 ára og brutust inn í vínleit

Tveir sextán ára piltar voru staðnir að verki við innbrot í veitingahúsið Glaumbæ. Hafði sézt til þeirra skrifla inn um eldhúsgluggann, og þar inni kom lögreglan að þeim.

Þegar þeir voru spurðir að því, hvornig á ferðum þeirra stæði þarna inni kl. 03.50 um hánótt, játuðu piltarnir hreinskilnislega, að þeir væru að leita sér að áfengi. Þeir voru teknir til geymslu til frekari yfirheyrslu í morgun. —GP—

Bæjarstjórnina gátu strákarnir ekki bugað

● Nýstárlegt og glæsilegt íþróttahús, 16,5 milljón króna bygging, var formlega tekið í notkun í Kópavogi í gær. Áður hefur þessu húsi verið lýst nokkuð í fréttum Vísis. Húsið mun verða í stanzlausri notkun frá því eldsnemma á morgunana þar til síðla á kvöldin. Skólabörn bæjarins munu fá afnot af byggingunni á daginn, en á kvöldin eru íþróttaflokkar Breiðabliks einkum við völd í húsinu.

● Húsið hefur verið í notkun í nokkurn tíma, en á laugardaginn fór fram skemmtilegur leikur, hið unga HK, sem stendur fyrir Handknattleiksfélag Kópavogs, skoraði á bæjarstjórn Kópavogs í leik. Áskoruninni var tekið, og auðvitað gátu strákarnir ekki staðizt bæjarstjórninni snúning, töpuðu með 7 mörkum gegn 8. Á myndunum er ungur Kópavogsmaður að skjóta á markið, sem sjálfur bæjarstjórnin, Hjálmar Ólafsson, varði með þryði. Á hinn eru markvörður HK og bæjarstjórnarmaður á fjórum fótum á græna gölfteppinu, sem salurinn er klæddur með.



Húsafríðunarnefnd vill láta friða húsin fyrir neðan Skólastræti, „perlur í byggð Reykjavíkur“, en meðal þeirra eru húsið fremst á myndinni, sem var Bernhöftsbakari í gamla daga og Bakarabrekka dró nafn sitt af, pakkhúsið í framhaldi af því og Amtmannsstígur 1, sem er lengst t. h.

Vill ekki láta eyðileggja „perlur byggðarinnar“

Húsafríðunarnefnd borgarinnar leggur til að húsaröðin frá Stjórnarráðshúsinu að Bókhöðustíg haldist óskert

Húsafríðunarnefnd hefur þá ákvörðun, að nýtt einróma samþykkt að stjórnarráðshús verði beina því til ríkisstjórnarinnar að endurskoða byggt milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, og

er nefndin að ganga frá bréfi til ríkisstjórnarinnar í því sambandi.

Þór Magnússon, þjóðminjavörður, formaður nefndarinnar sagði í viðtali við blaðið, að nefndin liti mjög alvarlegum augum á þetta mál. Húsin neðan við Skólastræti, sem húizt er við að hverfi fyrir nýrri byggingu, séu meðal þeirra húsa, sem byggi upp elztu, óskertu götulínu í Reykjavík, einu húsaröðina í Reykjavík, sem sé frá því um miðja 19. öld. Þessi hús séu meðal þeirra, sem einkum hafi verið tilnefnd til friðunar.

Húsaröðin byrji á Stjórnarráðshúsinu, sem er frá um 1760, þá komj Bernhöftshúsið á hornj Bankastrætis, byggt 1838, og pakkhúsið við enda þess sem sé mjög formfagurt hús, þótt það sé einfalt og látlaust. Síðan komi Gimli, sem ekki sé eftirsjón í, en þá Amtmannsstígur 1 —, hús Stefáns Gunnlaugssonar, bæjarfógeta, þess manns, sem stundum er sagt að hafi íslenskað Reykjavík og síðar hús Guðmundar Björnssonar, landlæknis, sem hafi látið byggja turninn við enda hússins, sem þyki mjög merkilegur enda teiknaður af Rögnvaldi Ólafssyni, fyrsta út-

lærða íslenska arkitektinum, sem hafi starfað hér. Þá komi Menntaskólinn, líklegast sögufrægast hús á Íslandi, þar sem Alþingi var haldið, og Íþaka, en röðin endi með húsinu Bókhöðustíg 1, sem nýlega sé húizt að gera upp.

—Það er ekki húsafríðunarnefnd, sem upphaflega hefur vakið máls á þessu. Helgi Finsen arkitekt, sem er af íslenskum ættum, leggur skilyrðislaust til að þessi hús verði varðveitt, en hann gaf út bækling um gamlar byggingar hérlendis árið 1956. Nefndinni finnst í fyrsta lagi, að alls ekki megi eyðileggja svo merkileg hús, sem alla tíð hafa sett svo ákveðinn svip á Reykjavík og eru perlur í byggð Reykjavíkur. Í öðru lagi er hvarvetna uppi sú hreyfing að vernda gamlar minjar, t. d. hélt Evrópuráðið fund í haust þar sem það skoraði á ríkisstjórnir að varðveita enn frekar en gert hefur verið gömul mannvirki, ekki sízt húsaheildir.

Stefnan hefur verið sú að flytja gömul hús á útisöfn en nú er lagt kapp á það að varðveita gamlan blæ, með því að láta gömlu húsin vera í sínu upprunalega umhverfi, og hefur t.d. komið til máls að varðveita beri nokkrar götur í Reykjavík.


—SB—

Ungur Íslendingur slasast alvarlega í bílslysi í New York

Ungur skipverji á Lagarfossi varð fyrir alvarlegu bílslysi á götu í New York um helgina. Heitir hann Sigmundur Steinarsson, 21 árs Reykvikingur.

Var hann á gangi yfir götu og varð fyrir bíl, sem kastaði honum

yfir akrein í veg fyrir annan bíl. Óljósar fréttir hafa enn borizt af slysinu og aðdraganda þess, en pilturinn var talinn alvarlega slasaður, þegar síðast fréttist af honum. Móðir drengsins mun fara utan til New York í dag. —JBP—



Sigló og frystihúsin í gang

Vonast til að rætist úr atvinnuleysinu á Siglufirði

Nú eru öll hjól að byrja að snúast á Siglufirði og vonir standa til að rætist úr atvinnuleysinu núna í þessari viku. Hundrað manns eru að hefja vinnu hjá niðurlagningarverksmiðjunni, er framleiðir Siglósíld, en verksmiðjan hefur verið verkefnalaus síðan í desember 5500 síldartunnur liggja tilbúnar til vinnslu og mun það hráefni endast verksmiðjunni 6—7 mánuði.

Togarinn Hafliði var í gær að

landa 175 tonnum af fiski, sem fer til vinnslu í ishúsinu, en skipið hefur landað afla sínum ytra síðustu þrjá tóruna. Ennfremur mun togskipið Margrét nú fara að veiða fyrir Siglufirðinga en skipið hefur einnig landað afla sínum ytra að undanfögnu. Ishúsin hafa því verið verkefnalaus að undanfögnu og mikið atvinnuleysi verið af þeim sökum í bænum á þriðja hundrað manns á atvinnuleysisskrá. J.H.